

## FUNDARGERÐ

Árið 2021, miðvikudaginn 22. desember kl. 8:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fjárfundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson og Karen E. Halldórsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Árna Sverri Hafsteinssyni, Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni og Óskari Helga Þorleifssyni sem ritaði fundargerð.

Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson boðuðu forföll.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Innheimtustofnun sveitarfélaga

Guðni Geir Einarsson skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu gerði stuttlega grein fyrir stöðu mála varðandi Innheimtustofnun sveitarfélaga.

### 2. NPA framlög 2021

Teknar voru til umfjöllunar og afgreiðslu umsóknir sveitarfélaga vegna NPA samninga vegna ársins 2021, bæði vegna endurnýjunar núgildandi samninga sem og vegna nýrra samninga. Útreikningur framlaganna tekur mið af því að greiðsla fyrir hvern NPA samning í umsókn sveitarfélags/þjónustusvæðis nemi 25% af upphæð viðkomandi samnings. Sótt er um framlag vegna 91 samnings og nemur ríkisframlagið 689 m.kr. Árið 2020 var veitt framlag vegna 83 samninga að fjárhæð 554 m.kr.

*Nefndin gerði ekki athugasemdir og leggur til við ráðherra að framlög þessi verði samþykkt.*

### 3. Framlög vegna þróunar útsvars

Á árinu 2020 var veitt sérstakt viðbótarframlag að fjárhæð 500 m.kr. til að mæta tekjusamdrætti sveitarfélaga vegna Covid faraldursins. Eftirstöðvar þess voru 42 m.kr. og var nefndin á fundi sínum 3. nóvember sammála um að fjárhæð þeirri verði varið á þessu ári í greiðslu framlaga sem taka mið af þróun útsvarstekna sveitarfélaga.

Lögð voru fram drög að breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 sem fela í sér viðbót við bráðabirgðaákvæði I sem fjallar um framlög þessi. Hljóðar viðbótin svo:

Ef Jöfnunarsjóður úthlutar ekki fjármagni skv. 4. mgr. skal Jöfnunarsjóður úthluta ráðstöfunarfjármagninu eða því sem eftir stendur með viðbótarframlagi til sveitarfélaga, allt að því marki sem annað hvort:

- a. Staðgreiðsla íbúa í sveitarfélaginu fyrstu tíu mánuði ársins 2021 er lægri en á sama tímabili árið 2020, verðleiðrétt með vísitölu neysluverðs án húsnæðis.
- b. Mismunur er á tekjustofnum sveitarfélags á hvern íbúa, að frádregnum framlögum Jöfnunarsjóðs og 93% vegins meðaltals sömu stærðar fyrir öll sveitarfélög.

Viðbótarframlög skv. 5. mgr. skulu reiknast út frá þeirri fjárhæð sem reynist lægri skv. a- eða b-lið 5. mgr. og á grundvelli margfeldis eftirfarandi forsenda sem telst skiptigrunnur úthlutunarinnar:

1. Reiknaðri hlutfallsbreytingu á staðgreiðslu íbúa sveitarfélags fyrstu tíu mánuði ársins 2021 samanborið við sama tímabil árið 2020, leiðrétt með vísitölu neysluverðs án húsnæðis.
  2. Reiknuðum hlutfallsmun á fjárhæð tekjustofna hvers sveitarfélags, að frádregnum framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, á hvern íbúa fyrir árið 2020 og 93% meðaltals sömu stærðar fyrir öll sveitarfélög.
  3. Íbúafjöldi sveitarfélaga.
- Úthlutunarupphæðinni er ráðstafað hlutfallslega til sveitarfélaga á grundvelli skiptigrunnins, af því fjármagni sem er til ráðstöfunar og að því marki sem sveitarfélög geta notið framlagsins.

Jafnframt var lögð fram áætlun um framlög miðað við reglugerðardrögin samtals að fjárhæð 42 m.kr.

*Nefndin gerði ekki athugasemdir og leggur til við ráðherra að áætlunin verði samþykkt.*

#### **4. Sameiningar sveitarfélaga – Múlaþing**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu áætlun um framlag til Múlaþings vegna lækkunar jöfnunarframlaga í kjölfar sameiningar ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi. Samkvæmt d. lið í 1.gr. reglna nr.782/2020 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga er veitt framlag ef sameinaða sveitarfélagið fær lægri tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlög vegna sameiningar. Gert ráð fyrir að framlag til Múlaþings nemi samtals fjárhæð 84,8 m.kr.

*Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að framlag til Múlaþings að fjárhæð 84,8 m.kr. verði samþykkt.*

#### **5. Ársreikningur fasteignasjóðs 2020**

Lagður var fram til kynningar ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2020.

*Nefndin gerði engar athugasemdir við ársreikninginn.*

#### **6. Næsti fundur**

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar verði 28. janúar kl. 11:30.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 9:30.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Daníel Jakobsson

---

Karen E. Halldórsdóttir